

16

9. febr.

10. gr.
Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 13. gr.

11. gr.

Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur.

Bæjarfógetinn á Akureyri er formaður merkjadóms. Auk þess er dómur skipaður tveimur meðdómsmönnum, sem merkjadómsmenn heita. Þeir skulu vera að minnsta kosti 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, vera lögráðir og fjár síns ráðandi og vera búsettir á Akureyri. Annan hinna tveggja merkjadómsmanna skipar hæstiréttur, en bæjarstjórn Akureyrar hinn. Á sama hátt skulu skipaðir tveir varamenn. Varamaður tekur sæti í dómnum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Merkjadómsmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Það er borgaraskylda að taka við skipun í merkjadóm eitt kjörtímabil í senn.

12. gr.

Merkjadómsmaður skal, áður en hann tekur fyrsta sinn til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli gegna starfanum með samvitzkusemi og óhlutrægni í hvívetna.

13. gr.

Formaður dómsins ákveður þóknun merkjadómsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði. Ákvörðun hans um þóknun getur bæði merkjadómsmaður og dómsmálaráðherra kært samkvæmt 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

14. gr.

Um málsmeðferð fyrir merkjadómi, málskostnað og fleira, skal, eftir því sem því verður við komið, farið eftir ákvæðum laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson,

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

17

10. febr.

L Ö G

um Náttúrugripasafn Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Náttúrugripasafni Íslands skulu vera þrjár deildir: Dýrafræðideild, grasfræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

2. gr.

Aðalhlutverk Náttúrugripasafnsins er:

1. að viða að sér sem fullkonnustu safni islenskra náttúrugripa og varðveita það;
2. að afla erlendra náttúrugripa, eftir því sem heppilegt þykir og aðstæður leyfa;

3. að annast fuglamerkingar í visindalegum tilgangi; 17
 4. að vinna skipulagsbundið að almennum rannsóknum á náttúru Íslands; 10. febr.
 5. að annast eða sjá um tiltekna rannsóknir, eftir því sem ríkisstjórnin kann að óska.

Verkefni þessi skal safnið leysa af höndum eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

3. gr.

Náttúrugripasafnið gefur árlega út skýrslu, er greini frá meginþáttum í starfsemi þess á árinu, náttúrufræðilegum rannsóknum á Íslandi, munum þeim og ritum, er safninu hafa áskotnast, fuglamerkingum og öðru, er ástæða virðist til.

Safnið gefur einnig út rit, þar sem birtar skulu á einhverju heimsmálanna niðurstöður rannsókna á náttúru Íslands, eftir því sem ástæða virðist og fé er veitt til. Ritið nefnist *Acta naturalia Islandica*.

4. gr.

Náttúrugripasafnið skal vera almenningi til sýnis eigi sjaldnar en þrisvar í viku, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Lögð skal áherzla á, að safnið veiti sem gleggst yfirlit um náttúru landsins.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa þrjá deildarstjóra við safnið: Dýrafræðing, grasafræðing og jarðfræðing. Þeir skulu hafa lokið meistaraprófi, doktorsprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum. Laun þeirra skulu vera hin sömu og deildarstjóra í atvinnudeild háskólans. Þó skal sá, er fer með yfirstjórn sameiginlegra mála, njóta sömu launa og forstöðumenn Landsbóka-, Þjóðminja- og Þjóðskjalasafns. Heimilt er ráðherra, að fenginni fjárveitingu, að ráða fleira starfslíð að safninu um eitt ár í senn, ef sérstök ástæða virðist til.

Deildarstjórar skiptast á um að fara með yfirstjórn sameiginlegra málefna safnsins, og skal hver þeirra hafa þau störf með höndum þrjú ár í senn.

6. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi safnsins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.